

29.03.2021

Kæru viðtakendur,

Hestamannafélagið Sleipnir heldur úti öflugu íþróttastarfi á svæði félagsins að Brávöllum. Félagið hefur stækkað mikið á undanförunum árum og telur nú um 620 félagsmenn á öllum aldri.

Til að hægt sé að æfa og halda mót þurfum við dráttarvél og höfum við í gegnum tíðina fengið lánaðar vélar hjá ýmsum sem tengjast félaginu. Nú er svo komið að ekki er lengur hægt að treysta á að fá

vélar lánaðar enda notkunin orðin það mikil yfir árið. Við hyggjumst nýta þetta ár til að sækja fram með okkar íþróttasvæði með það að markmiði að laða að fleiri mót og viðburði með frábæru vallasvæði, það er ógerlegt án vélar til verksins.

Í núgildandi samningi milli Sleipnis og sveitarfélagsins var inni liður um kaup á dráttarvél en hann var skorinn af ásamt stuðningi við rekstur félagshesthúss fyrir börn og unglunga sem ekki hafa aðgang að hesti í gegnum sína fjölskyldu. Báðir þessir liðir eru afar mikilvægir félaginu en dráttarvél býr til grundvöll að mótahaldi og sýningum sem aftur skila tekjum og því afar mikilvægt að félagið eigi slíka vél.

Notkun vélarinnar er bæði tengd keppnisvöllum, æfinga/upphitunarvelli og Reiðhöllinni þar sem gólfíð þar þarf stöðugt viðhald eins og vellirnir. Við sóttumst eftir því að samnýta vél með mótorgrossbraut en það hefur ekki gengið vegna þess hve oft viðburðir stangast á.

Allt okkar fólk vinnur í sjálfböðavinnu og afar erfitt orðið að fá fólk í þetta verkefni þegar við höfum ekki tæki til þeirra verka sem vallanefnd á að sinna.

Við óskum því eindregið eftir því að fá styrk, eins og mótorgrossbrautin fékk á sínum tíma, til að eignast vél sem hentar til viðhalds og uppbyggingar á íþróttasvæði félagsins að Brávöllum.

--

Bestu kveðjur,
Sigríður Magnea Björgvinsdóttir
Formaður Sleipnis